**Kennsluáætlun 10. bekkur**

| **Fagheiti: Íslenska** | | | | **Kennari: Jóhanna Páls** | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tímabil** | **<u>Hæfniviðmið</u>**<br>**Við lok 10. bekkjar getur nemandi** | **Námsþættir** | **Námsefni/ kennslugögn** | **Leiðir** | **Viðfangsefni** | **Matsviðmið/ Námsmat** |
| **26. ágúst – 25. sept.** | • lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað<br>• skilið mikilvægi þess að geta lesið og eflt eigið læsi<br>• beitt mismunandi aðferðum við lestur<br>• greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða<br>• beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar<br>• tekið virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum, tjáð skoðanir sínar, rökstutt þær<br>• lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og | Lestur<br><br>Hlustun<br><br>Bókmenntir<br><br>Ritun<br><br>Stafsetning<br><br>Málfræði<br><br>Málnotkun | Frjálslestrarbók<br><br>Logar texta- og verkefnabók 1. kafli *Að lesa, skilja og skrifa*<br><br>Logar texta- og verkefnabók 2. kafli *Mennta bækur*<br><br>Stafsetningartextar og reglur frá kennara<br><br>Spjaldtölva og námsvefir | Næðislestur í kennslustundum og heimalestur<br><br>Kennari les með nemendum og leiðir umræður<br><br>Fjölbreytt viðfangsefni bæði samvinnuverkefni og hópverkefni | Yndislestur og orðaforði<br><br>Textarnir *Hjálp, Snákaolía, Undur* og *Nafnlaus*<br>Lestur, umræður og verkefni úr bókinni<br><br>Nemendur vinna æfingar og verkefni | Foreldrar kvitta fyrir reglulegan lestur<br>Bókaskýrsla úr frjálslestrarbók<br><br>Matsverkefni í möppur úr verkefnunum á bls. 8-16 í Logum<br><br>Upplestur og æfingar |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **28. sept – 16. okt.** | erlendar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta<br>• beitt nokkrum grunn-hugtökum í bókmenntafræði<br><br>• hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar, einnig notið myndefnis, upplestrar, og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni<br>• tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli, samið texta frá eigin brjósti og er óhræddur við að beita ríkulegu tungutaki í skapandi ritun<br>• valið og skrifað mismunandi textagerðir með orðaforða og málsniði sem hæfir hverju sinni<br>• beitt nokkuð vel algengum reglum um réttritun<br>• beitt helstu málfræði-hugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess | Lestur<br><br>Hlustun<br><br>Bókmenntir<br><br>Ritun<br><br>Lífsleikni | Frjálslestrarbók<br><br>Logar texta- og verkefnabók 2. kafli *Mennta bækur*<br><br>Ljósritað efni frá kennara í til upprifjunar í málfræði og málnotkun<br><br>Spjaldtölva | Næðislestur í kennslustundum og heimalestur<br><br>Kennari les með nemendum smásöguna *Dundi* og leggur inn bókmenntahugtök, leiðir umræður um samskipti, einelti og fleira sem tengist efni sögunnar | Yndislestur og orðaforði<br><br>Lestur, umræður og verkefni. Bæði einstaklings- og paravinna<br><br>Bókmenntahugtök: flétta, ris, lausn, sögumaður, frásagnaraðferð, persónulýsingar, umhverfi og sögusvið, minni, tími og umhverfi, stílbrögð, hugblær o.fl.<br><br>Orðflokkar, rétt og rangt mál, orðaforði o.fl. | Foreldrar kvitta fyrir reglulegan lestur<br>Bókaskýrsla úr frjálslestrarbók<br><br>Stórt lokaverkefni – *Dundi-bókmenntagreining* af bls. 39 í bókinni<br><br>Málfræðipróf |
| **19. – 30. okt.** | | Lestur<br><br>Bókmenntir<br><br>Ritun<br><br>Málnotkun | Yndislestur<br><br>Íslendingasaga – Gísla saga Súrssonar í styttri útgáfu | Næðislestur í kennslustundum og heimalestur<br><br>Kennari les með nemendum, umræður og ýmis verkefni | Nemendur lesa sjálfstætt<br><br>Útdráttur og unnið áfram með bókmenntahugtök<br><br>Verkefnahefti í Gísla sögu Súrssonar | Útdráttur<br><br>Verkefnahefti í Gísla sögu |

**Námsefni:**

- Logar les- og verkefnabók
- Málið í mark – málfræðivefur
- Stafsetningar- og málfræðitextar frá kennara
- Gísla saga Súrssonar

**Kennsla/tímafjöldi:**

3x60 mín. á viku auk þemadaga

**Námsmat á önninni:**

- Einstaklings- og hópverkefni í bókmenntum
- Verkefni í stafsetningu og upplestur
- Verkefni í málfræði, textagreiningu o.fl. úr Logar - kennslubók

***Vinsamlegast athugið:***

***Kennsluáætlun þessi er unnin út frá Skólanámskrá Kársnesskóla og er sett fram með fyrirvara um breytingar.***

Jóhanna Pálsdóttir